

## LÍF

Orðið sem ég valdi til umhugsunar er mjög stutt, það er eitt atkvæði, þrjú bókstafir og heldur mjóslegið allt. Þrátt fyrir að vera svona hógvært í útliti og fasi er þetta orð kannski innihaldsríkara en flest önnur í okkar máli. Orðið er **líf**. Undirtitillinn að þessu spjalli gæti hins vegar verið: **Að gera langa sögu stutta**. Mér finnst nefnilega svo merkilegt að við skulum búa yfir þeim eiginleika að geta sagt frá án þess í raun að segja nokkuð. Þetta helgast auðvitað af því að okkur hefur líka verið gefinn hæfileiki til þess að ráða í hið ósagða – skynja það sem liggur að baki (eða gæti legið að baki) hversdagslegri staðhæfingu. Þar kemur bæði til getan til að setja sig í spor annarra og ímyndunaraflið sem erfitt er að setja kvóta á.

Ég er mjög áhugasöm um fólk. Allt fólk. Fólk í samtímanum auðvitað en ekki síður fólk frá liðnum öldum og oftast en ekki fólk sem ég les um í minningargreinum, skáldsögum eða ljóðum. Og það er ótrúlegt hversu mikið er hægt að segja um jafnvel viðburðaríka og langa ævi í einni setningu. Alveg sama hversu ævintýralegt eða erfið ævi fólks hefur verið og hversu sársaukafull – allt er hægt að fela í nokkrum línnum. Jafnvel einni.

Ein lína í bók eða blaði getur skýrt frá missi maka, barns eða sjúkdómsraunum – skýrt frá margra ára kvöl – jafnvel kvöl heillar ævi – t.d. ævilangri baráttu við fíkn; án þess að það sé minnst á þessar raunir beinum orðum. Hið ósagða leysir úr læðingi hæfileikann til að láta hugann reika og til að lesa milli línanna. Og það sem leynist milli línanna er oft og tíðum miklu bitastæðara en það sem raunverulega er sagt.

Ég hef fengið margt fólk á heilann – mjög oft konur, einhverra hluta vegna. Einu sinni var ég með Skáld-Rósu á heilanum – eða Vatnsenda-Rósu. Rósa var umtöluð strax á sinni tíð og ég ætla að fara um hana nokkrum orðum – ekki hennar sjálfrar vegna að þessu sinni heldur aðeins til að koma að annarri konu sem tengist Rósu óbeint. Það má segja að örlög þeirra tvinnist saman á óvæntan hátt. En nokkur orð um Rósu.

Rósa var falleg kona, góðum gáfum gædd og hnyttin í tilsvörum og vel skáldmælt – um það ber heimildum saman og karlmenn löðuðust að henni. Hún giftist tvisvar. Fyrri maður hennar var gæðablóðið Ólafur Ásmundsson, sem er lýst sem hæglátum búsyslumanni. Þau eignuðust þrjár dætur og bjuggu lengst af á Vatnsenda í Vestur-Hópi. Þar var um tíma heimilisfastur hjá þeim hjónum Natan nokkur Ketilsson. Hann þótti vel gefinn, lítið fyrir erfiðisvinnu, stundaði lækningar með góðum árangri en þótti fégráðugur, óprúttinn og brögðóttur. Mikið orð fór af kvenhylli hans og e.t.v. átti hún þátt í þeim örlögum sem honum voru búin.

Til að gera langa sögu stutta tókust ástir með Natani og Rósu meðan hann dvaldi undir þaki þeirra hjóna, taumlausar og ástríðufullar ástir, segja heimildir. Þau fóru ekki leynt með samband sitt og létu sér í léttu rúmi liggja þótt framferði þeirra vektu hneykslan –

almenningsálitíð skipti þau litlu máli – þau voru þeirrar gerðar, Natan og Rósa. Rósa eignaðist þrjú börn með Natan – meðan hún var í hjónabandi með Ólafi sem lét samband þeirra ótalið. Rósu var stefnt fyrir hórdómssök en hinn sauðtryggi eiginmaður hennar stóð þar með henni og kvað Rósu ekki hafa brotið af sér. Segir ekki meira af þeim hjónum, Rósu og Ólafi.

Natani fylgjum við hins vegar frá Vatnsenda að Illugastöðum þar sem hann setti saman bú. Þar var hann var myrtur, stunginn banvænum sárum og brenndur inni í bæ sínum í mars 1828. Og þá er komin til sögunnar önnur kona, barnung stúlka, Sigríður Guðmundsdóttir, og það er hún sem er í aðalhlutverki hér eftir. Hún var tæpra 17 ára gömul þegar ódæðið var framið, vinnustúlka á Illugastöðum með öllu sem því fylgdi.

Annar unglíngur var aðalgerandinn í morðinu á Illugastöðum; það var Friðrik Sigurðsson í Katadal, 18 ára gamall. Þriðji aðilinn að málinu, sumir segja höfuðpaurinn, var vinnukona Natans, Agnes Magnúsdóttir, 33 ára gömul. Sagan segir að Agnes hafi verið ástkona Natans og hafi e.t.v. séð sjálfa sig sem framtíðarhúsfreyju á Illugastöðum. Hins vegar varð Natan henni fráhverfur fljótlega og kippti upp í til sín hinni vinnukonunni, Sigríði, sem var yngri og sennilega hlýðnari og einfaldari gerðar. Þessi þríhyrningur var kannski upphaf þeirrar atburðarásar sem nú fór af stað en oftast er talið að Friðrik hafi einkum haft augastað á peningum sem Natan var talinn eiga.

En það var hin barnunga Sigríður sem ég fékk á heilann um jólin. Stelpa ekki orðin 17 ára þegar líf hennar tekur þessa stefnu – stelpa sem á okkar dögum væri á annarri önn í framhaldsskóla og um það bil að fá bílpróf. Með þátttöku í morðinu tekur Sigríður ákvörðun sem á eftir að móta alla hennar framtíð – en við getum spurt okkur: Átti hún einhverra annarra kosta völn en að spila með eftir að morð komst á dagskrá hjá þeim Friðrik og Agnesi? Sigríður tók ekki beinan þátt í morðinu eins og hin tvö en hjálpaði til að hirða fémæta hluti úr baðstofunni áður en kveikt var í.

Um jólin las ég ljóð Þorsteins frá Hamri um líf Sigríðar. Ljóðið varð kveikjan að þessu spjalli um **líf og ósagða hluti**. Nú ætla ég að lesa ljóðið – það heitir einfaldlega Sigríður Guðmundsdóttir frá Illugastöðum. Undirtitillinn gefur til kynna harmsögu lífs hennar – hann hljómar svo: Fædd á Vatnsenda í Vesturhópshólasókn 1811, flutt á Tugt-, Rasp- og Forbedringshuset í Kaupmannahöfn 1830, dó þar 5. apríl 1839.

Og þá kemur ljóðið:

Borin til þrjár og vonar  
en vönust að hlýða:  
óframfærin, góðlát,  
hrekklous og hrædd

Upp var skrifuð  
aleigan: götött sjal,  
pils af vaðmáli, rífið,

annað, nær ónýtt,  
svuntugarmur,  
gömul kvenhúfa, blá  
með silkiskúf, skemmdum.

Og líkt og tákn  
fyrir eitthvað heilt, jafnvel athvarf:  
lítill stokkur  
þar sem þú geymdir grænan  
silkitvinna ...

Þorsteinn frá Hamri

*Hvert orð er atvik – 2008.*

Ljóðið byrjar á fæðingu – nýju lífi – í von og þrá og endar á einhverju sem við getum líka tengt við von og þrá – græna silkitvinnann – sem gæti vísað á von um betra líf. Í eftirmála að ljóðinu kemur fram að ljóðlínurnar hafa að uppistöðu þann vitnisburð sem heimahagarnir báru þessum unglungi, hún kom fólki fyrir sjónir sem hlýðin, óframfærin, hreklaus og hrædd unglingsstúlka. Þar á eftir er í ljóðinu uppskrift á eigum hennar þegar hún hafði verið sek fundin – þar er fátt eigulegra hluta, flest slitið og skemmt – svolítið eins og líf Sigríðar var orðið strax þarna. Í eftirmála bætir Þorsteinn frá Hamri við: Auk þess sem hér er talið mun hún hafa átt eina kind.

Við réttarhöld meðgekk Sigríður Guðmundsdóttir hlutdeild sína í glæpnum, að hafa ásamt þeim Friðrik og Agnesi lagt á ráðin um að ráða Natan af dögum og var hún ásamt þeim dæmd til að hálshöggvast. Hún ein hlaut þó náðun og var dómnum breytt í ævilanga þrælkunarvist. Í því víti tókst henni að halda lífi í hartnær áratug sem má heita merkilegt því illa var farið með fólk í rasphúsinu.

Það er líf Sigríðar á Illugastöðum sem varð mér svo hugstætt við lestur þessa ljóðs – á bak við sögu Sigríðar má finna sögur margra annarra fátækra stúlkna sem ráða svo litlu um örlög sín, ekki bara á liðnum öldum heldur líka í samtímanum.

Enn er ótalinn einn hlutur sem var í eigu Sigríðar og stingur svolítið í stúf við annað sem þar var að finna – og það er ekki síst hann sem gerir ljóðið svo eftirminnilegt í mínum huga. Það er græni silkitvinninn sem hún geymdi í stokk – hvar hafði henni áskotnast hann? Til hvers ætlaði hún að nota hann? Var grænt silkið e.t.v. ‘tákn fyrir eitthvað heilt – jafnvel athvarf’ eins og skáldið segir – athvarf frá fátækt og vonleysi? Var græni silkitvinninn tákn fyrir von stelpunnar Sigríðar um betri daga? Það er erfitt að setja sig í spor ungrar konu í rasphúsinu í Kaupmannahöfn en við getum leyft okkur að vona að endurminningin um þennan dýrgrip hafi orðið henni einhver hugsvölun þau níu ár sem henni tókst að þrauka á þeim vonda stað.

Að lokum: Hafi Þorsteinn frá Hamri þökk fyrir að gefa hinu litla lífi Sigríðar Guðmundsdóttur framhaldslíf í þessu fallega ljóði.